

Aflétting biðlána

Frá því að samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja var undirritað í desember 2010 hafa fjölmörg fyrirtæki farið í gegnum svokallaða „beinu braut“ með bönkum sínum en úrræðinu var ætlað að endurskipuleggja efnahagsreikninga skuldsettra fyrirtækja í kjölfar efnahagshrunsins. Aðferðafræðin gekk út á að að frjálst sjóðsstreymi fyrirtækjanna var skuldsett svo mikið sem auðið var. Lánin mynduðu a.m.k. 70% af vaxtaberandi skuldum félagsins, en til viðbótar afborgunarlánunum voru sett biðlán á félögin sem gátu numið allt að 30% af vaxtaberandi heildarskuldum. Í mörgum tilfellum var aðilum lofað talsverðri afskrift af biðláninu ef það yrði greitt upp fyrir lok biðtímans.

Líkön „beinu brautarinnar“ gerðu ráð fyrir kröftugum hagvexti, lágrí verðbólgu og lækkandi vöxtum. Með þessu áttu fyrirtækin að geta staðið í skilum með afborganir af skuldum sínum, og síðar þegar betur áraði áttu að myndast aðstæður til að þau gætu endurgreitt biðlán sín.

Ekkert af þessu hefur gengið eftir. Vextir lánastofnana hafa reynst mjög háir áfram sama við hvaða mælikvarða er miðað. Hagvöxtur hefur verið lágur og eftirspurn veik. Mörg fyrirtæki hafa átt í erfiðleikum með að standa skil á afborgunum og vöxtum. Höfuðstóll lána hefur því lítið lækkað og víða blasa við örðugleikar enda styttest í gjalddaga fyrstu biðlánanna.

Skuldsetning fyrirtækja hamlar fjárfestingu og dregur úr samkeppnishæfni þeirra jafnt og þétt. Íþyngjandi samningar „beinu brautarinnar“, gera það að verkum að fyrirtæki eru mörg hver í fjárfestingarbanni auk þess sem þau geta ekki greitt eigendum sínum eðlilegan arð. Við þessar aðstæður er von að eigendur fyrirtækja spyrji sig til hvers sé barist? Fyrirtæki hafa haldið áfram að skera niður mannskap og reyna að auka arðsemi, en hagræðingin er jafnharðan étin upp af verðbótum og vöxtum og ekkert útlit er fyrir að fyrirtækið geti brotist undan brimskafla biðlánsins að óbreyttu.

Við þessar aðstæður standa stjórnir fyrirtækja frammi fyrir tveimur kostum;

- 1) Gera ekkert. Vonast til þess að ástandið lagist.
- 2) Sækja nýtt hlutfé, selja eignir, semja upp á nýtt við bankana.

Það er afar ólíklegt að stjórnámálamenn eða fjármálastofnanir muni leysa vanda þessara fyrirtækja. Stjórnarmenn þeirra verða að grípa til ráðstafana sem minnkað geta skuldsetningu til að auka möguleika til fjárfestinga og til að opna möguleika á arðgreiðslum. Félögin verða að fá aukið fjármagn í formi hlutfjár eða þolinmóðs fjármagns og endursemja við fjármálastofnanir um það sem eftir stendur af skuldum.

Íslendingar eru sjálfstæðir í eðli sínu og mörg fyrirtæki eru í eigu einstaklinga eða eru fjölskyldufyrirtæki. Slík fyrirtæki hafa jafnan lítill áhuga á að fá nýja fjárfesta til liðs við sig. Fjárfestar eru oft hikandi um að kaupa minnihluta í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum þar sem reksturinn er oft mjög tengdur meirihlutaeiganda og stjórnunarhættir ógagnsærir. Auk þess kann fjárfestum að reynast erfitt að losa hlut sinn að fjárfestingartímanum liðnum með eðlilegum hagnaði.

Arev

Arev aðstoðaði á síðasta ári fjölda meðalstórra fyrirtækja við að koma efnahagsreikningum sínum í viðunandi skipulag. Þetta hefur m.a. verið gert með því að koma á framúrskarandi upplýsingakerfum og stjórnarháttum til þess að minnihlutafjárfestar treysti sér til samstarfs. Arev hefur fundið heppilega fjárfesta fyrir félögin. Á sama tíma hefur verið samið við banka um eðlilega skuldsetningu.

Jón Sch. Thorsteinsson
Sigurður Berntsson

Höfundar starfa hjá fyrirtækjaráðgjöf Arev verðbréfafyrirtækis hf.